

Alþingi
Erindi nr. P 130/2601
komudagur 9.7.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum

Ríkisstjórnin lagði fram á síðasta þingi frumvarp til laga umbreytingar á útvarpslögum nr. 53./2000, samkeppnislögum nr. 8/1993. Þjóðin mótmælti allri málsmeðferð ríkisstjórnarinnar kröftuglega og krafðist þess að þessi lög væru borinn undir þjóðina. Forsetinn hlustaði á þjóðina og nýtti sér málskotsrétt sinn samkvæmt 26 gr. stjórnarskrárinnar. Það er mat RSÍ að þar með sé málið í þeirri stöðu að annað hvort verði að láta þá atkvæðagreiðslu fara fram eða þá að draga frumvarpið til baka. En ríkisstjórnin velur þá undarlegu leið að draga fyrra frumvarp til baka breyta þar nokkrum atriðum sem engu skipta og leggja það fram sem nýtt frumvarp. Hér er greinilega höggvið nærri grundvallarleikreglum lýðræðisins. Stenst það að ef forseti nýtir sér málskotsrétt til þjóðarinnar samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, að þá geti Alþingi einfaldlega samþykkt nánast samhljóða lög og fellt þar með hin eldri úr gildi og komast þannig hjá atkvæðagreiðslu? Það er mat RSÍ að svo sé ekki.

Því fer fjarri að ríkisstjórnin geti vikið sér undan þjóðaratkvæðagreiðslu með því að fresta gildistöku yfir næstu alþingiskosningar. Þar er ekki kosið um eitt mál, þar er kosið um allt aðra hluti, eins og alþjóð veit og þess vegna mótmælir hún svo kröftuglega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar.

RSÍ mælir með frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu og krefst þess að hún verði látinn fara fram. Hér er einnig vísað til umsagna RSÍ nr. 1 og 2 um breytingar á útvarps- og samkeppnislögum.

Atburðir síðustu mánaða segja okkur að það er full ástæða til þess að setja skýrar reglur um málskotsréttinn, það hefur komið víða fram í umræðum rafiðnaðarmanna undanfarnar vikur að þeir telja greinilega flestir að reglurnar ættu að vera þannig að ákveðið hlutfall almennra kjósenda td. 30% geti án afskipta forseta eða Alþingis skotið málum til þjóðarinnar. Hér má minna í mál eins og eftirlaunarétt ráðherra ofl. Það er greinilegt að hugtökin lýðræði, þingræði, málskotsréttur hafa allt aðra þýðingu í hugum almennings en hjá ráðherrum og sumum stjórnarþingmanna.

Reykjavík 9. júlí 2004
Virðingarfyllt
Fh Rafiðnaðarsambands Íslands
Guðmundur Gunnarsson